

Yfirlit yfir útboðsverk

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði	03
02-074 Vt. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði	03
02-019 Vi. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð	02
02-084 Vi. Hringvegur (1), hringtorg við Snæfellsnesveg	02
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá	02
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	02
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun	02
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	02
02-078 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði	02
02-026 Au. Norðausturvegur (85) Hölnkná – Miðheiðarhryggur	09.02
02-009 N.v. Hringvegur (1), um Hnausakvísl forsteyptar einingar 2002-2003	09.02
02-055 Au. Hringvegur (1), Biskupsháls - Vegaskarð	09.02
02-027 Au. Styrking og mölburður á Austurlandi 2002-2003	09.02
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
02-087 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, í austurhluta Rangárvallasýslu og vesturhluta Vestur-Skaftafellssýslu	Nýtt á lista 09.09.02 23.09.02
02-089 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, í austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu	Nýtt á lista 09.09.02 23.09.02
02-086 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Skúfur - Þverá 2002	09.09.02 23.09.02
02-056 Sl. Hringvegur (1), brú á Þjórsá	02.09.02 30.09.02
02-085 Sl. Þórsmerkurvegur (F249) 2002	26.08.02 09.09.02
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
01-009 Au. Upphéraðsvegur (931), Fellabær – Setberg	12.08.02 26.08.02
02-060 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnessýslu, austurhluti	12.08.02 26.08.02
02-061 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnessýslu, vesturhluti	12.08.02 26.08.02
02-072 Rn. Hafnarfjarðarvegur (40), aðrein Digranesvegur	22.07.02 06.08.02
02-073 Au. Suðurfjarðavegur (96) á Fáskrúðsfirði	22.07.02 06.08.02
01-122 Veggöng 2002 - Forval	21.05.02 24.06.02
02-047 Áætlanarflug, Höfn í Hornafirði, 2002-2003	27.05.02 01.07.02
Samningum lokið	Opnað: Samið:
01-048 Sl. Hringvegur (1), vegur um Þjórsá Háfell ehf.	08.07.02 30.08.02

Svar ritstjóra við bréfi ->

Þetta mun vera alveg rétt hjá Guðmundi. Brúin var vígð haustið 1949 en einhver frágangur hefur dregist fram á árið 1950 og því er brúin árssett 1950 í brúarskrá Vegagerðarinnar sem er heimildin sem notuð var. Það var því rangt að skrifa að brúin hafi verið „byggð 1950“.

Auglýsingar útboða

Snjómokstur og hálkuvörn í austurhluta Rangárvallasýslu og vesturhluta Vestur-Skaftafellssýslu 02-087

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið Snjómokstur og hálkuvörn í austurhluta Rangárvallasýslu og vesturhluta Vestur-Skaftafellssýslu.

Um er að ræða leiðina: Hringvegur (1) frá Steinum í Rangárvallasýslu að Skálm í Vestur-Skaftafellssýslu, 75 km.

Magntölur eru áætlaðar: snjómokstur og hálkuvörn 10.000 km.

Verki skal að fullu lokið 1. maí 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 9. september 2002. Verð útboðsgagna er 1.500 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 23. september 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Snjómokstur og hálkuvörn í austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu 02-089

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið Snjómokstur og hálkuvörn í austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu.

Um er að ræða eftirtaldir leiðir: Hringvegur (1) frá Skálm á Myrdalssandi að sýslumörkum á Skeiðarásandi, 80 km. Klausturvegur (205) frá Hringvegi að Kirkjubæjarklaustri, 1,4 km. Skaftártunguvegur (208) frá Hringvegi að Hrífunesvegi, 5 km. Hrífunesvegur (209) frá Skaftártunguvegi að Flögu, 2,5 km.

Magntölur eru áætlaðar: snjómokstur og hálkuvörn 7.000 km.

Verki skal að fullu lokið 1. maí 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 9. september 2002. Verð útboðsgagna er 1.500 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 23. september 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Bréf frá lesanda

Í Framkvæmdafréttum (30. tbl) er því haldið fram að Þjórsárbrú hafi verið byggð árið 1950. Ég held því fram að hún hafi verið tekin í notkun árið 1949. Það sem ég hef fyrir mér í því, er að móðir mín, sem nú er látin, sagði mér að ég hefði fæðst sama dag og brúin var vígð 10.11.1949.

Hún var búin að bíða nokkuð lengi eftir að ég kæmi í heiminn, og búin að nota þær aðferðir sem tiltækar voru til að ýta við mér. Meðal annars var Hallæris-Fúsi (Vigfús Guðmundsson) búinn að keyra tvær ferðir með hana frá Selfossi út í Ölfus á Dúfunni (hálfkassabíll sem hann átti) og þræða allar holur sem hann fann á leiðinni. En ekkert gekk. Það er svo daginn sem Þjórsárbrúin er vígð sem ég vildi út í heiminn, en þar sem það bar upp á þann dag, voru allir sem vettlingi gátu valdið við vígsluna og engan bíl að hafa til að ná í ljósmóðurina.

Kveðja Guðmundur Sigurðsson, Reykhól, Skeiðum (fæddur á Selfossi)



Framkvæmdafréttir 31. tbl. /02



Auglýsingar útboða

Þverárfjallsvegur (744), Skúfur - Þverá 2002 02-086

Vegagerðin, Norðurlandi vestra, óskar eftir tilboðum í nýbyggingu 2,4 km kafla á Þverárfjallsvegi frá Skúfi að Þverá.

Helstu magntölur: fyllingar og fláafleygar 104.000 m³, ræsalögn 220 m, neðra burðarlag 12.700 m³, efra burðarlag 3.600 m³, frágangur fláa 100.000 m².

Verki skal að fullu lokið 15. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Sauðárkróki og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 10. september 2002. Verð útboðsgagna er 3.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 23. september 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Nú eru að hefjast framkvæmdir við aðrein Digranesvegur inn á eystri akrein Hafnarfjarðarvegur í Kópavogsgjá. Eins og sjá má á myndinni er núverandi fyrirkomulag óviðunandi, ekkert aðlögunarsvæði og mjög takmörkuð veggýn. Akreinar Hafnarfjarðarvegur verða færðar vestar, inn í miðeyju, og þá skapast svæði fyrir akrein í framhaldi þessarar aðreinar og blöndun umferðar getur orðið á lengra svæði með betri veggýn.

Ráðstefna norrænna steinefnaframleiðenda, Nordisk Sten og Grus, NSG

Dagana 12. til 13. september verður haldin norræn ráðstefna um steinefni á Hótel Loftleiðum. Dagskrá, skráningarform og allar upplýsingar liggja nú á vefnum en slóðin er: <http://www.iii.is/aggregate/> Fyrirlestrar verða fluttir á ensku. Þátttökugjald er kr. 27.000 og eru þá innifaldar veitingar, m.a. kvöldverður í Viðey fimmtudaginn 12. september.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 31. tbl. 10. árg. nr. 314 9. sept. 2002

Ritstjórn og umsjón útgáfu: Viktor Arnar Ingólfsson
Abyrgðarmaður: Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til: Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík (bréfsími 522 1109) eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttatæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.